

Um Ísland og Noreg

Kjallari

Þorvaldur Gylfason
skrifar



„Leyfir prófessorinn sér að bera saman þorsk og lax?“

Um það hefði getað gerzt í gær. Ég var á opinberlega auglýstum fundi í hjarta Reykjavíkur fyrir mörgum árum, hafði ásamt öðrum verið beðinn um að hafa framsögu um fiskveiðistjórn og lýsti fyrir fundarmönnum, að vel gæti reynzt að leita til Noregs um fyrirmynd að hagkvæmri og réttlátri stjórn á náttúruauðlindum. Norðmenn höfðu fyrir löngu með rammgerðri laga-setningu lagt grunninn að olíuauði í þjóðareign, og olíusjóðurinn var byrjaður að taka á sig mynd. Nema flestir fundarmanna komu af fjöllum. Þögn sló á mannskapinn. Leyfir maðurinn sér að bera saman olíu og fisk? hugsaðu sennilega einhverjir í salnum, en enginn sagði neitt. Mér varð hugsað til reynslu eins kollega míns af eldri kynslóðinni, sem hafði í ræðustól á fundi mörgum árum fyrir lýst þeirri skoðun, að enginn víti borinn eigandi laxveiðiar myndi hleypa veiðimönnum í ána sína án endurgjalds og sömu húhyggindi ættu að sjálfsögðu við um sameiginarauðlindina á miðunum umhverfis Ísland. Þá reis einn fundarmaðurinn upp (hann var bæði alþingis- og útvegsmaður) og spurði með þjósti: Leyfir prófessorinn sér að bera saman þorsk og lax?

Digur sjóður

Hvar stöndum við nú? Norðmenn eiga olíusjóð, sem þeir kalla eftirlaunasjóð og geyma í útlöndum utan seilingar stjórnmalamanna, og nemur hann nú 4,4 milljónum norskra króna – það gerir rösklega 82 milljónir íslenskra króna – á hverja fjögurra

manna fjölskyldu í Noregi. Ekki bara það: Þjóðartekjur á mann í Noregi eru nú tvöfaltar á við Ísland, og þjóðartekjur á hverja vinnustund í Noregi eru nærri þrefaldar á við Ísland. Norðmenn hafa í krafti hyggilegrar hagsstjórnar og auðlindastjórnar tekið út aukna velsæld ekki bara í auknum tekjum, heldur einnig í auknum tómstundum, þ.e. minni vinnu. Atvinnuleysi í Noregi er minna en nokkurs annars staðar í Evrópu. Velgengni sína eiga Norðmenn öðrum þræði því að þakka, að þeir gættu sín á að lýsa olíuna þjóðareign skv. lögum og hleypa hagsmunahópum ekki í hana, en á því svelli hefur mörgum öðrum olíulöndum orðið hált, t.d. Nígíríu.

Fólkið í Nígíríu situr eftir með tvær hendur tómar, en Norðmenn hafa fullar hendur fjár. Þar skilur milli feigs og ófeigs. Orðin „olíukóngur“ og „olíudrottning“ eru ekki til í norskum orðaförða, enda engin ástæða til, þar eð norska þingið girti fyrir hættuna á ójöfnum aðgangi að þjóðarauðlindinni.

Alþingi brást

Hefðu Íslendingar farið eins að við stjórn fiskveiða við Ísland og Norðmenn við stjórn olíuauðsins, væri trúlega öðruvísi umhorfs hér heima en nú er. Ég benti á það fyrir bráðum 30 árum, að álagning veiðigjalds á markaðsforsendum myndi þá duga til að fjármagna afnám tekjuskatts einstaklinga, og hefði Ísland þá orðið fyrsta tekjuskattslausla landið á OECD-svæðinu. Hefði þjóðin sem



réttur eigandi fiskimiðanna tekið fullt gjald af afnotunum af eign sinni strax í árdaga kvótakerfisins og áfram og lagt tekjum til hliðar frekar en að afnema tekjuskattinn, hefði hlaðizt upp gildir sjóður, sem gæti nú slagað hátt upp í olíusjóð Norðmanna miðað við fólksfjölda.

Ekkert af þessu mátti þó verða, þar eð Alþingi láðist að verja fólkið í landinu fyrir ágangi hagsmunahópa. Alþingi veitti þeim beinlínis færð á að hrifsa auðlindina til sín. Stjórnmalaflokkarnir reyndu að bæta fyrir vanræksluna einn af öðrum eftir dúk og disk með því að taka veiðigjald á stefnumála sína líkt og til málamynda, og Alþingi leiddi lítills háttar veiðigjald í lög 2002, en skaðinn var skeður. Útvegsmenn voru orðnir að ríki í ríkinu, svo að Ísland ber nú að ýmsu leyti ríkarí svip af Rússlandi en Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Afstaða fólksins í landinu er skýr og birtist m.a. í því, að 83% kjósenda lýstu fylgi við auðlindir í þjóðareign í þjóðaratkvæðagreiðslunni um nýja stjórnarskrá 20. október 2012. Alþingi kom sér undan því að staðfesta vilja kjósenda í stjórnarskrármálinu og þá um leið í fiskveiðistjórnarmálinu og reyn-

ir nú að drepa málinu á dreif til að þóknast útvegsmönnum enn frekar en orðið er.

Góðu vanir

Málið er samt ekki einfalt. Þegar olía fannst við Noreg, voru engir oliugreifir til staðar. Norska þingið þurfti því ekki að setja gamalgrónum hagsmunum stólinn fyrir dymar, heldur dugði að girða fyrir yfirvofandi hættu. Þegar aflaheimildir urðu verðmætar við upptöku kvótakerfisins hér heima, biðu útvegsmenn við dymar. Þeir voru góðu vanir frá fyrri tíð, þegar þeir fengu margir sjálfsafgreiðslu í bönkunum og gátu felld gengið nánast eftir geðþótta. Þeir þurftu ekki að kunna fótum sínum forráð, þeim var alltaf bjargað. Það hefði því þurft sterk bein til að segja þeim að standa nú loksins utan dyra. Því var ekki að heilsa á Alþingi.

Raunar er fiskveiðistjórn Norðmanna sama marki brennd og hér heima, en Norðmenn hafa ráð á því, þar eð sjávarútvegur skiptir litlu máli í þjóðarbúskap Norðmanna á heildina lítið, þótt hann sé mikilvægur í byggðarlögnum meðfram langri og vogskorinni strandlengju Noregs. ■